

292. fundur Skólanefndar FS

10. desember 2008



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúinn Ægir Karl Ægisson, Kristján Ásmundsson aðstoðarskólameistari og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Útskrift.
2. Vorönn 2009.
4. Önnur mál.

1. Útskrift.

Útskrift haustannar verður laugardaginn 20. desember. Gert er ráð fyrir að 63 nemendur útskrifist að þessu sinni.

2. Vorönn 2009.


Alls hafa um 1000 sótt um í dagskóla á vorönn. Enn á eftir að afgreiða 80 umsóknir sem ekki er búið að fá fjárveitingar fyrir. Almennt rætt um stöðu skólans, fjölda nemenda og fjárveitingar. Bent á nauðsyn þess að fá sem fyrst svör frá ráðuneyti um fjárveitingar svo hægt sé að afgreiða umsóknir og undirbúa starfið á vorönn.

3. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá verkefninu Samvinna sem á að styrkja fólk til að komast aftur inn á vinnumarkaðinn. Eftir áramót verður farið af stað með nám fyrir 20 manna hóp í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

b) Verið er að vinna að nýjum skólasamningi við menntamálaráðuneyti fyrir árin 2009-2012.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari